


Alþingi
Erindi nr. **P** 128 / 1544
komudagur 6. 3. 2003



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 4. mars 2003

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu, um mat á færeyska fiskveiðistjórnkerfinu, 56. mál.


Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir því að sjávarútvegsráðherra skipi starfshóp sem hefur það verkefni að meta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnkerfisins og skili af sér eigi síðar en 15. mars n.k. Einnig kemur fram í tillögunni hverjir skuli skipa starfshópin og tekið er fram að þar sé ekki að finna fulltrúa útgerðar eða sjómanna en lagt til að Samtök fiskvinnslustöðva skuli eiga þar fulltrúa.

Til fróðleiks höfundi tillögunnar þá er enginn munur á skoðunum fulltrúa fiskvinnslunnar og útgerðarinnar í þessum málaflokki og með því að Samtök fiskvinnslunnar eigi þar fulltrúa á LIÚ þar einnig talsmann aftur á móti eiga samtök sjómanna greinilega ekki að eiga þar aðild, sem er miður.

Að mati Vélstjórafélags Íslands þá er hér þörfu máli hreyft þar sem fjölmargir eru sýknt og heilagt að tjá sig um þetta kerfi án þess, að því best verður séð af málflutningnum, að vita nógu mikið um hvernig það er byggt upp o.s.frv.

Þess vegna er mjög þarft að fram fari hlutlaust mat á kerfinu til þess að þeir sem um málið fjalla hafi gleggri mynd af því.

Að okkar mati er starfstími nefndarinnar of knappur.

Virðingarfyllt,
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!